

Nýir kjarasamningar við Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Félag íslenskra hljómlistarmanna undirritaður 14. desember 2023

Þann 14. desember 2023 undirrituðu samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga annars vegar og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Félags íslenskra hljómlistarmanna hins vegar, nýja kjarasamninga sem gilda frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024.

Helstu atriði samninganna eru:

1.1 Föst mánaðarlaun

Þann 1. desember 2023 hækka laun tónlistarkennara að meðaltali um 8,53 % og laun stjórnenda tónlistarskóla um 7,93%.

1.1.3 Sérstakar eingreiðslur

Þann 1. janúar 2024 skal greiða hverjum starfsmanni sem var í fullu starfi á starfstímanum frá 1. apríl 2023 til 30. nóvember 2023 sérstaka eingreiðslu að upphæð kr. 440.000 -.

Greitt skal miðað við starfshlutfall og starfstíma á framangreindu tímabili.

1.1.4 Önnur laun

Önnur laun hækka um 5% þann 1. janúar 2024.

1.5.4 Viðbótarlaunaflokkar vegna stjórnunarreynslu skólastjórnenda

Grein 1.5.4. breytist og eftirfarandi gildir frá 1. desember 2023.

Skólastjórar, aðstoðarskólastjórar og deildarstjórar fá eftirfarandi viðbótarlaunaflokka vegna stjórnunarreynslu í tónlistar-, lista-, grunn-, leik-, framhalds- og/eða háskóla:

- Einn launaflokkur eftir 5 ára stjórnunarreynslu.
- Tveir launaflokkur eftir 10 ára stjórnunarreynslu.
- Tveir launaflokkar eftir 15 ára stjórnunarreynslu.
- Einn launaflokkur eftir 20 ára stjórnunarreynslu.

Grein þessi veitir að hámarki 6 viðbótarlaunaflokka. Kennsluferil allt að 10 árum skal meta með sama hætti og um stjórnunarreynslu væri að ræða.

1.10 Annaruppbætur

Tónlistarskólakennari/skólastjórnandi í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hverrar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma á hvorri önn.

Annaruppbót 1. júní 2023 kr. 100.800-

Annaruppbót 1. desember 2023 kr. 100.800-

14.2.1 Gildistími, gildissvið og samningsforsendur

Samningsaðilar hafa tekið samningana til afgreiðslu og mun niðurstaða liggja fyrir þann 19. desember n.k. kl. 13:00 að því er varðar FT og 18. desember n.k. kl. 12:00 að því er varðar FÍH.

Bókun 1 (2023) í kjarasamningi FÍH um virðismat starfa og launamyndunarþætti kjarasamnings kennara og stjórnenda í tónlistarskóla

Aðilar eru sammála um að skoða innleiðingu virðismats starfa skv. starfsmatskerfinu SAMSTARF fyrir félagsmenn FÍH á samningstímanum. Fyrir 1. janúar 2024 verði skipaður starfshópur með tveimur fulltrúum frá Félagi íslenskra hljómlistarmanna og tveimur fulltrúum frá SNS. Verkefni starfshópsins verði að skoða virðismat starfa kennara og stjórnenda í tónlistarskólum samhliða því að haldið verði áfram þeirri sameiginlegu vinnu samningsaðila að yfirfara mat á menntun og starfsreynslu tónlistarkennara og stjórnenda til launa með hliðsjón af því fyrirkomulagi sem kennarar og stjórnendur annarra skólagæða búa við skv. kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga.